

Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, hér eftir nefndur Hafnarfjarðarbær og víkingafélagið Rimmugýgur, félag áhugamanna um menningu og bardagalist víkinga kt. 700497-2409, hér eftir nefnt Rimmugýgur gera með sér eftirfarandi afnota- og samstarfssamning um afnot Rimmugýggjar af fasteigninni að Hörðuvöllum 1.

I. Umfang samnings

1. gr

Rimmugýgur fær fasteignina að Hörðuvöllum 1 til afnota fyrir starfsemi á þess vegum í samræmi við ákvæði samnings þessa til þess að glæða áhuga bæjarbúa og ferðamanna á menningu, handverki og bardagalist víkinga og stuðla að auknum áhuga á víkingatímabilinu og uppruna þjóðarinnar. Þá hefur Rimmugýgur áfram aðgengi að hluta af bílskúr í fasteigninni að Staðarbergi 6 en er að öðru leyti gert að rýma fasteignina. Heildarflatarmál fasteignarinnar að Hörðuvöllum 1 er 165,3 m² og ca. 45 m² að Staðarbergi 6.

Verkefnastjóri menningar- og markaðsmála hefur eftirlit með samstarfssamningi þessum og er fulltrúi Hafnarfjarðarbæjar gagnvart Rimmugýgi.

II. Afnot af Hörðuvöllum 1, framlag Hafnarfjarðarbæjar og breytingar á húsnæði

2. gr

Rimmugýgi er heimiluð endurgjaldslaus afnot af Hörðuvöllum 1 eins og nánar greinir í samningi þessum. Framlag Hafnarfjarðarbæjar er í formi eftirgjafar húsaleigu og rafmagns- og hitunarkostnaðar. Framlagið er ca. 3.785.000 kr. í leigugreiðslur og 276.000 kr. í rafmagns- og hitunarkostnað á ári, alls um kr. 4.061.000.

3. gr

Hafnarfjarðarbær á rétt á að nýta Hörðuvelli 1 í einstaka tilfellum fyrir starfsemi sína eða fyrir viðburði á hans á vegum án endurgjalds en þó þannig að það raski ekki hefðbundinni starfsemi Rimmugýggjar. Um slík afnot skal haft samráð við Rimmugýgi og áform þar um tilkynnt með minnst tveggja vikna fyrirvara.

III. Starfsemi Rimmugýggjar

4. gr.

Rimmugýgur skuldbindur sig til þess að standa fyrir starfsemi sbr. starfsáætlun á sinn kostnað sem mun m.a. samstanda vinnustofum í handverki/handverskhópum og bardagaæfingum.

Rimmugýgur skal hafa menningarstefnu Hafnarfjarðarbæjar að leiðarljósi í sínu starfi og skuldbindur sig til þess að standa að Víkingahátíð og koma að skipulagningu og framkvæmd viðburða í Hafnarfirði, s.s. 17. júní, á Björtum dögum og fl.

5. gr.

Merki Hafnarfjarðarbæjar sem aðalstyrktaraðila starfseminnar skal birt á öllu útgefnu efni Rimmugýggjar. Viðburðir skulu kynntir með auglýsingum í fjölmiðlum eða öðrum sýnilegum hætti.

6. gr.

Rimmugýgur fær í sinn hlut allar tekjur sem reksturinn kann að gefa af sér, í samræmi við samning þennan, og ber að greiða allan kostnað og gjöld sem af rekstri þess leiðir, s.s. mannahald, ræsting,

tækjabúnaður, tryggingar og markaðssetning. Tekjur þessar eru ætlaðar til að styrkja félagið og efla menningarlíf bæjarins.

Fjáröflun Rimmugýgjar skv. þessari grein er á þeirra ábyrgð, kostnað og áhættu og því óviðkomandi Hafnarfjarðarbæ.

IV. Rekstrarkostnaður og viðhald

7. gr.

Viðhald á fasteigninni byggist á forgangsroðun verkefna og fjárhagsáætlun hvers árs. Umhverfis- og skipulagssvið sér um framkvæmdir á húsinu. Tengiliður við leigjendur er verkefnastjóri fasteigna hjá umhverfis- og skipulagssviði.

Rimmugýgur tekur við eigninni í því ástandi sem hún er í. Allar breytingar á húsnæðinu eða búnaði, s.s. málun, skal vera með leyfi Hafnarfjarðarbæjar og á kostnað Rimmugýgjar. Rimmugýgur skal skila húsnæðinu að loknum samningstíma í sambærilegu ástandi og Rimmugýgur tók við því. Rimmugýgi er skylt að ganga vel um fasteignina og haga starfsemi sinni þannig að uppfyllt verði skilyrði opinberra reglna og fyrirmæla.

Hafnarfjarðarbær greiðir öll lögboðin gjöld s.s. fasteigna-, og lóðagjöld og brunatryggingu fasteignarinnar.

Rimmugýgur skal sjá um allt viðhald og viðgerðir á innanstokksmunum, tækjum og búnaði sínum með fullnægjandi hætti. Lögð skal áhersla á að viðhaldið sé fyrirbyggjandi og að öllum öryggiskröfum verði fylgt hverju sinni.

8. gr.

Umhirða, umgengni og þrif í og við Hörðuvelli 1 eru á ábyrgð Rimmugýgjar og skal vera í samræmi við kröfur Hafnarfjarðarbæjar og heilbrigðisyfirvalda. Ekki er leyfilegt að vera með lokaða viðburði, s.s. einkasamkvæmi, brúðkaup, fermingar og slíkt í fasteigninni. Gisting er með öllu óheimil í húsinu. Ræsting skal fara fram samkvæmt hreinlætisáætlun.

Rimmugýgi er skylt að fara í hvívetna vel með fasteignina á þann hátt sem samræmist viðteknum venjum um umgengni, hreinlæti og hollustuhætti. Rimmugýgur skal sérstaklega gæta að lokun á gluggum, fara varlega með ljós og virða reglur um meðferð elds og varast að stífla frárennsli eða salerni.

Rimmugýgur skuldbindur sig til að bæta allt það tjón sem verður af þeirra völdum, starfsemi Rimmugýgjar eða þeirra aðila sem á hans vegum ganga um húsið, og ekki telst afleiðing eðlilegrar, venjulegrar og umsaminnar notkunar á fasteigninni. Þurfi Hafnarfjarðarbær að gera við húsnæðið á leigutímanum skal Rimmugýgur rýma svo til að viðgerð verði við komið án óeðlilegrar tafar.

V. Upplýsingaskylda Rimmugýgjar og viðurlög

9. gr.

Rimmugýgur skal eiga þess kost að sækja um styrki til menningarstarfsemi vegna sérstakra verkefna.

Rimmugýgur skal skila ársskýrslu til menningar- og ferðamálanefndar þar sem fram koma upplýsingar um rekstur og starfsemi Rimmugýgjar á liðnu ári fyrir lok febrúar ár hvert. Í ársskýrslu skulu, auk almennra þátta, koma fram tölulegar upplýsingar um fjölda félagsmanna, fjölda verkefna, upplýsingar um handavinnuhópa og námskeið og sýningar fyrir ferðamenn, fyrirtæki og uppákomur af ýmsu tagi til þess að betur megi greina árangur af starfseminni.

10. gr.

Telji Hafnarfjarðarbær að starfsemi Rimmugýgjar sé ekki samkvæmt samningi þessu, að Rimmugýgur sinni ekki menningarþáttum starfseminnar sinnar með tilhlýðilegum hætti eða rekstur Rimmugýgjar brýtur í bága við það sem lagt var upp með, eða rekstur í húsinu sé ekki með þeim brag sem hæfir húsinu sem er aldursfriðað (byggt 1906) og eins og gildandi lög og reglur gera ráð fyrir skal hann skriflega knýja á um úrbætur á því sem ábótavant er. Verði Rimmugýgur ekki við þeim tilmælum er Hafnarfjarðarbær heimilt að rifta samningi án frekari fyrirvara.

VI. Ýmislegt

11. gr.

Að samningstíma loknum skal Rimmugýgur skila húsnæðinu hreinu og í góðu ástandi. Við lok samningstímans skal Rimmugýgur fjarlægja allt lauslegt úr húsnæðinu og af lóð þess sem frá honum eða aðilum á hans vegum stafar. Þurfi Rimmugýgur að fjarlægja tæki eða búnað úr fasteigninni við lok leigutímans skal félagið ganga þannig frá húsnæðinu að ekki sjáist verksummerki um slíkt. Að öðru leyti skal fasteigninni skilað í sama ástandi og hún var í við upphaf leigutímans að teknu tilliti til slita af eðlilegri notkun.

12. gr.

Samningur þessi tekur gildi frá undirritun samnings og gildir í fimm ár frá þeim tíma. Annar hvor aðili getur óskað eftir endurskoðun eða uppsögn á samningnum með sex mánaða fyrirvara. Ef brot verður á samningi fellur hann niður fyrirvaralaust.

13. gr.

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir héraðsdómi Reykjaness.

14. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Samningur þessi var samþykktur í bæjarráði.

Hafnarfirði,

F.h. Rimmugýgjar

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift aðila:
